

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vinnu, nám og dagpeninga
til afplánunarfanga, nr. 409 6. júlí 1998.

1. gr.

Í 7. gr. reglugerðarinnar komi í stað fjárhæðanna „220, 250, 275 eða 290 krónur“: 280, 315, 345 eða 365 krónur.

2. gr.

Í 9. gr. reglugerðarinnar komi í stað fjárhæðarinnar „460 krónur“: 580 krónur.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 48 19. maí 1988 sbr. lög nr. 123 15. desember 1997, öðlast gildi 1. janúar 2003.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. desember 2002.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

GJALDSKRÁ

fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

1. gr.

Bæjarstjórn Akraness er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphirðu-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið greiðist árlega sem hér greinir:

- a) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 10.500 á íbúð, m.v. 240 l tunnu. Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- b) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar kr. 14.100 m.v. 240 l tunnu (lágmarkseining á hvern matshluta fasteignar). Gjaldið skal innheimta með álagningu fasteignagjalda.

3. gr.

Leiga 660 lítra kerja er kr. 11.500 með vsk. á ári, kr. 958 pr. mánuð.

Leiga 1.100 lítra kerja er kr. 12.900 með vsk. á ári, kr. 1.075 pr. mánuð.

Verð er með virðisaukaskatti og tekur breytingum skv. byggingavísitölu í janúar ár hvert (grunnvísitala 225,6 stig).

4. gr.

Fyrir flokkaðan brotamálm greiðast kr. 3.100 fyrir tonnið, ekki mega vera neinar olíur, eldsneyti né kælivökvi á vélum.

Fyrir heil dekk greiðast kr. 5.150 fyrir hvern rúmmetra, fyrir skorin dekk kr. 2.600.

Fyrir flokkað timbur greiðast kr. 7.800 fyrir tonnið.

Fyrir flokkaðan pappír greiðast kr. 7.200 fyrir tonnið. Skila skal vigtarseðlum frá Hafnarvog á móttökustað og er vigtarkostnaður innifalinn í verði. Verði sett upp vigt á starfssvæði Gámu er heimilt að innheimta afgreiðslu og vigtargjald að fjárhæð kr. 550 með virðisaukaskatti við hverja afgreiðslu.

Fyrir blandað pressanlegt sorp greiðast kr. 9.700 fyrir tonnið, sé það sorp blandað ópressanlegum úrgangi sem nemur allt að 1/4 hluta farms skal greiða 33% álag, samtals kr. 12.900 fyrir hvert tonn og verði hlutfall ópressanlegs úrgangs það hátt að nota þurfi vélar við flokkun skal greiða 66% álag, samtals kr. 16.100 fyrir hvert tonn, virðisaukaskattur er innifalinn í ofangreindum verðum.

5. gr.

Fyrir grófan úrgang (steypu- og múrbrot, gler, jarðveg o.fl.) greiðast kr. 650 á rúmmetra. Innheimta samkvæmt 4., 5. og 6. gr. er með sérstökum reikningi, eindagi 30 dögum eftir útskrift reiknings.

6. gr.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds, þó skal greiða fyrir móttöku ís- og frystiskápa.

7. gr.

Almennir borgarar geta afhent allt að tveimur rúmmetrum af forflokkuðum úrgangi í einu án þess að greiða sérstaklega fyrir það.

8. gr.

Húseigendum er í upphafi afhent 240 l sorptunna án endurgjalds og fyrirtæki eiga kost á 660 l og 1100 l íláti. Endurnýjun sorpílata er á kostnað húseigenda.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Akraness, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samþykkt um sorphreinsun á Akranesi nr. 728/1997 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 939/2001 fyrir hirðu og eyðingu sorps á Akranesi.

Þannig samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn Akraness 17. desember 2002. Fyrri umræða fór fram þann 26. nóvember 2002.

Akranesi, 18. desember 2002.

Gísli Gíslason bæjarstjóri.